



Fréttatilkynning

13 May 2024 16:56:00 GMT

## Arion Banki hf.: Arion banki gefur út almenn skuldabréf fyrir 300 milljónir evra

**Arion banki gaf í dag út almenn skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra til 4,5 ára. Skuldabréfin bera 4,625% fasta vexti sem jafngilda 175 punkta álagi yfir millibankavöxtum í evrum.**

Spurn eftir skuldabréfunum var mikil, 8,5 sinnum meiri en framboð, og í heild bárust tilboð frá yfir 190 fjárfestum frá meira en 25 löndum í Evrópu og Asíu. Endanleg tilboðsbók nam um 2,6 milljörðum evra.

Þessi mikla eftirspurn leiddi til þess að um er að ræða hagkvæmustu niðurstöðu almennrar skuldabréfaútgáfu í evrum frá íslenskum banka í meira en 2 ár.

Umsjónaraðilar (e. Deal Managers) útgáfunnar voru Barclays, Morgan Stanley, ABN Amro og JP Morgan.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jonsson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jonsson@arionbanki.is), s. 856 7171

### Viðhengi

[Arion Banki hf.: Arion banki gefur út almenn skuldabréf fyrir 300 milljónir evra](#)